

Verkefni vikunnar snýst um uppbyggingu Hollywood mynda. Fullyrt er að hverri þeirra megi skipta upp í sex þrep og fimm vendipunkta. Sjá verkefna lýsingu frá Gunnari Teodóri Eggertssyni og lista frá Michael Hauge.

Til að kanna þetta er myndin „Pretty Woman“ valin til skoðunar. Ástæðan fyrir þessu vali er aðallega sú að í minningu þeirrar sem þetta skrifar, þá rann myndin ljúft í gegn án þess að vera eftirminnilega skipt í efnikafla eða þrep, eða að hægt væri að finna í henni kröftuga vendipunkta. Einnig þekki ég myndina vel og hún höfðar til almennra áhorfenda.

Myndin „Pretty Woman“ var gerð árið 1990. Leikstjóri hennar var Garry Marshall og handritið skrifaði J. F. Lawton. Aðalleikarar eru Richar Gere og Júlía Róberts. Júlía fékk Golden Globe verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni og hún var einnig tilnefnd til Óskars verðlauna fyrir leik sinn í myndinni.

Myndin er nákvæmlega 120 mínútur að lengd. Kynningartitlarnir í upphafi myndar taka mjög stuttan tíma og þeir renna yfir skjáinn á sama tíma og fyrstu senur myndarinnar. Lokatitlarinir renna líka saman við síðustu senur myndarinnar.

Ef heildarlengd myndarinnar er skipt í fjóra jafna hluta þá kemur út að fjórðungsmörkin (25%) eru eftir 30 mínútur, helmingismörkin (50%) eru eftir 60 mínútur, þriggja fjórðungsmörkin (75%) eru eftir 90 mínútur og endirinn eftir 120 mínútur. Ef heildarlengd myndarinnar er deilt niður í tíundu hluta, kemur í ljós að fyrsta tíundin (10%) er eftir 12 mínútur og síðasta tíundin byrjar þegar 108 mínútur eru liðnar af myndinni. Vendipunktur myndarinnar eru þá í tímalengd á mörkum þrepanna. Þessi skipting deilir myndinni niður í sex þrep og þau eru afmörkuð af fimm vendipunktum eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Þrep	Tímabil í %	Tímabil í mínútum	Vendipunktur
1.	0 - 10	1 – 12	
			1.
2.	10 - 25	12 - 30	
			2.
3.	25 - 50	30 – 60	
			3.
4.	50 - 75	60 - 90	
			4.
5.	75 - 90	90 - 108	
			5.
6.	90 - 100	108 - 120	

Í töflunni koma fram skiptingar myndarinnar í tímabil sem afmarka þrep og staðsetja vendipunkta.

Þessi listi er hafður til hliðsjónar þegar horft er á myndina og kemur hér niðurstaða þeirrar greiningar:

Þrep 1: Undirbúningur (The Setup). Fyrstu 12 mínúturnar eru aðalpersónurnar tvær kynntar til leiks. Edward Lewis sem leikinn er af Richard Gere er í veislu með öðru fínu fólki í flottu húsi. Hann er bersýnilega þirraður og að flýta sér. Hann talar í síma og þar virðist kærastan hans vera að segja honum upp og það hryggir hann alls ekki. Hann afgreiðir það mál af sömu röggsemi og hann afgreiðir mál sem tengjast viðskiptum hans. Edward ekur frá veislustað í bíl lögfræðings síns og fljótlega kemur í ljós að hann er rammviltur.

Vivian Ward sem leikin er af Júlíu Róberts er vakin af vekjaraklukkum um kvöld og hún býr sig til vinnu. Hún klæðir sig „gálulega“ eins og sagt hefði verið þegar þessi mynd kom fram á sjónarsviðið, enda kemur í ljós að hún er vændiskona og stundar vinnu sína á aðalgötu Hollywood. Fólkið sem hún umgengst eru aðrar vændiskonur og eiturfjaneytendur. Þegar rúmar ellefu mínútur eru liðnar af myndinni er komið að fyrsta vendipunktinum.

Vendipunktur 1: Tækifærið (The Opportunity). Þegar 11.30 mínútur eru liðnar af myndinni rennir bíll Edward Lewis framhjá Vivian Ward og vinkonu hennar þar sem þær standa við aðalgötuna. Þetta atvik er fyrsti vendipunktur myndarinnar. Edward stoppar bílinn og Vivian gengur til hans og hann spyr til vegar. Hún býðst til að vísa honum veginn gegn gjaldi og hann gengur að því tilboði. Nákvæmlega á tólftu mínútu myndarinn sest hún inn í bílinn og þau aka af stað. Báðar persónurnar í bílnum eru þarna komnar saman í ferðalag sem öll myndin fjallar síðan um. Ferðalag sem ekki bara á eftir að breyta lífum þeirra beggja heldur líka þeim báðum sem manneskjum.

Þrep 2: Nýjar aðstæður (The New Situation). Þegar hjúin koma á leiðarenda, greiðir Edward Vivian uppsett gjald. Þegar Vivian gerir sig líklega til að bíða eftir næsta strætisvagni, leggur Edward til að hún komi með sér uppá hótélherbergið gegn gjaldi. Vivian þiggur það og saman ganga þau inn í hótelið. Þarna er Vivian að koma í heim sem hún þekkir ekki, glæsilegt anddyri hótélssins vekur aðdáun hennar sem hún lætur óspart í ljós. Prúðbúnir gestir verða á vegi þeirra og klæðnaður hennar og orðbragð vekur hneykslan þeirra. Þau fara uppá herbergi hans og þar er Vivian komin í umhverfi sem hún á ekki að venjast. Þau semja um að hún verði nóttina með Edward og að sjálfsögðu er það líka gegn gjaldi. Vivian gerir sig líklega til að sinna starfi sínu sem henni hefur jú verið borgað fyrir, en Edward sýnir því lítinn áhuga. Þó fer svo að lokum að hún fær sínu framgengt ef svo má að orði komast en þau atlot eru án tilfinninga af beggja hálfu. Þegar þarna er komið sögu eru 30 mínútur liðnar af myndinni.

Morguninn eftir nýtur Vivian ríkulegs morgunverðar og fær leyfi hans til að nota glæsilegt baðkar sem baðherbergið hefur uppá að bjóða. Morgunstundin þeirra tekur rúmar fjórar mínútur í sýningu en þá kemur að vendipunkti 2.

Vendipunktur 2: Breyttar áætlanir (The Change of Plans). Á þrítugustu og fimmtu mínútu myndarinnar gerir Edward Vivian tilboð sem hún getur ekki hafnað. Hann býður henni að dvelja með sér í viku á hótélherberginu gegn gjaldi og hluti af því boði er að hún komi með honum út að borða með viðskiptafélögum hans þá um kvöldið. Vivian þykist himin höndum hafa tekið og sér að þetta tilboð mun breyta fjármálum hennar til betri vegar, þegar hún heldur heim og tekur til við sitt fyrra líf að vikunni liðinni. Þetta atvik er annar vendipunkturinn í myndinni. Á þessu stigi hefur hvorugt þeirra hugmynd um hvert þessi ákörðun mun leiða þau að lokum.

Þrep 3: Árangur (Progress). Edward lætur Vivian fá peninga til að hún geti fatað sig upp og segir myndin frá því hvernig henni gengur að framfylgja því í heimi hinna ríku sem hún passar ekki inni. Það er hótélstjórinn sem kemur henni til hjálpar og sér til þess að hún fær bestu afgreiðslu í finni kvenfataverslun. Hann kennir henni einnig undirstöðu borðsiði. Vivian klæðir sig upp og með Edward fer hún á veitingastað þar sem þau hitta viðskiptafélaga hans. Borðhaldið gengur að óskum og Vivian skilar sínu hlutverki sem hefðardama næstum óaðfinnanlega.

Þegar heim er komið er Edward annars hugar, eins og eitthvað liggi á honum. Hann sýnir Vivian smá umhyggju þegar hún sest á svalavegginn og ögrar honum með því að haga sér kæruleysislega. Hann vill ekki horfa með henni á kvikmyndir, heldur yfirgefur hann íbúðina. Eftir dágóða stund fer Vivian á eftir honum og finnur hann í borðsal hótélherbergisins þar sem hann leikur af miklum eldmóði á píanó. Þarna sér hún hann í fyrsta sinn sleppa aðeins fram af sér beislinu. Hann gefur tilfinningum sínum lausan tauminn og þarna á píanóinu hefst heitur ástarleikur. Nú eru rúmar 59 mínútur liðnar af myndinni og komið að vendipunkti þrjú.

Vendipunktur 3: Ekki aftur snúið! (The point of no return). Ástaratlotin á píanóinu marka þriðja vendipunktinn. Þegar hér er komið sögu er myndin hálfnuð og nú hafa tilfinningar Edwards og Vivian orðið þeim sjálfum og áhorfendum ljósar. Þau eru ástfangin og ekkert á eftir að verða aftur eins og það var áður en þau hittust.

Þrep 4: Flækjur og aukin áhætta (Complications and Higher Stakes). Í næsta fjórðungi myndarinnar tvinnast líf þeirra Vivian og Edwards æ betur saman. Þau umgangast meira og kynnast hvort öðru betur. Þar með fer munurinn á milli þeirra að koma betur í ljós en hann gerir þeim oft á tíðum erfitt fyrir. Það kemur líka í ljós að þau eiga margt sameiginlegt þrátt fyrir mismunandi bakgrunn og þau njóta samvista hvors annars.

Vivian fer með Edward á fleiri mannamót og stendur hún sig með þryði og vekur aðdáun hefðarfólksins fyrir glæsileika og fallega framkomu. Í einu atriði þar sem Vivian tekur karlmann tali, örlar á að Edward verði afbrýðisamur í hans garð. Hann gerir sér þó ekki grein fyrir þessari afbrýðisemi og til að líttækka Vivian segir hann lögfræðingi sínum frá því að hún sé í raun vændiskona. Lögfræðingurinn segir Vivian frá því hvað Edward hafi sagt honum og henni sárnar bersögli Edwards.

Þegar heim er komið gerir Vivian Edward grein fyrir því að hann hafi sært hana og hann biðst afsökunar á því. Hún segist aldrei hafa verið lítillækkuð eins áður og tekur saman dótið sitt og gerir sig tilbúna til að fara. Hún biður hann um að borga sér uppsett verð fyrir vikuna. Edward hendir seðlum á rúmið en hún strunsar út án þess að taka peningana upp. Hér eru 80 mínútur liðnar af myndinni og þó þá séu aðeins tveir þriðju hlutar myndarinnar (67%) liðnir, þá er hér komið að næsta vendipunkti.

Vendipunktur 4: Stóra bakslagið (The Major Setback). Atvikið þegar Vivian gerir sig líklega til að yfirgefa Edward og gengur snúðug framhjá peningunum hans, er fjórði vendipunkturinn í myndinni. Þetta er í fyrsta sinn sem Vivian hirðir ekki um peninga Edwards. Hann eltir hana fram ganginn og segir henni að hann hafi verið afbrýðisamur í garð mannsins sem hún var að tala við. Vivian segir Edward hafa sært sig. Edward biður Vivian að vera áfram hjá sér og hún hættir við að yfirgefa hann.

Prep 5: lokastökkið (The Final push). Þetta þrep hefst þegar rúmar 80 mínútur eru liðnar af myndinni ef miðað er við að atvikið þegar Vivian ætlaði að yfirgefa Edward sé fjórði vendipunkturinn.

Í framhaldi af sættum þeirra Edwards og Vivian eiga þau góðar stundir saman. Þau fara í ferðalag og það kemur í ljós að þau eiga ýmislegt sameiginlegt, eins og til dæmis að njóta góðrar tónlistar.

Kvöld eitt fara þau út saman uppá klædd og koma við á heimaslóðum Vivian. Þar verða þau fyrir ógnandi hegðun fólks sem Vivian þekkti í sínu „fyrra lífi“. Þegar öll sund virðast vera lokuð, bregst Edward við af hetjuskap og ver Vivian. Það gerist þegar 90 mínútur eru liðnar af myndinni. Ef til vill er þetta fjórði vendipunkturinn, það passar alla vegana vel út frá tímamörkunum. En ég hallast að því að þetta sé hluti af atburðarásinni í fimmta þrepi sögunnar og að fjórði vendipunkturinn sé þegar Vivian ákveður að yfirgefa Edward og hunsa peninga hans.

Þegar hér er komið sögu njóta þau loksins ásta af einlægni og gefa sig hvort öðru fullkomlega. Hún tjáir honum ást sína, en hann tekur ekki undir.

Morguninn eftir er síðasti morgunn þeirra saman samkvæmt samkomulaginu sem þau gerðu í upphafi myndar. Edward segist vilja hitta Vivian áfram og að hún vilji leggja henni til íbúð, bíl og möguleika á að versla í öllum þeim verslunum sem hugur henni gírnist. Með því bjargi hann henni af götunni. Hún tekur þessu fálega. Hún getur ekki yfirgefið líf sitt og látið Edward borga fyrir sig, með því móti kæmi hann fram við hana sem vændiskonu. Það getur hún ekki sætt sig við.

Edward fer á viðskiptafund og semur þar við sína viðskiptafélaga á annan hátt en hann er vanur. Hann er greinilega breyttur maður og viðskiptafélagar hans taka eftir því. Þegar fundurinn er búinn, fer Edward út úr húsi og sést hann ganga berfættur í grasinu, í jakkafötunum og með skjalatöskuna í hendinni. Hann er greinilega breyttur maður.

Á meðan Edward er á fundinum, er Vivian að pakka saman dóti sínu og búa sig til brottferðar. Kemur þá lögfræðingur Edwards í heimsókn á hótélherbergið til hennar. Hann gerist nærgöngull við hana og hún færist undan. Þá beitir hann hana ofbeldi og hún reynir að verjast. Edward kemur að þeim og ræðst hann á lögfræðinginn og hendir honum út. Edward hjúkrar Vivian og spyr hvers vegna hún vilji yfirgefa sig. Vivian gerir honum grein fyrir því að hún geti ekki lifað sem vinkona hans, hún verði að halda áfram með sitt líf. Hann segist ekki geta gefið henni meira en það sem hann hafi fyrr boðið henni og þar með er hundradasta og áttunda mínúta myndarinnar runnin upp og komið að síðasta vendipunktinum.

Vendipunktur 5: Hápunkturinn (The Climax). Þegar Vivian yfirgefur Edward er komið að fimmta vendipunkti myndarinnar. Áður en Vivian fer, réttir Edward henni þykkt seðlabúnt og borgar henni þar með umsamið verð fyrir vikuna. Edward biður Vivian að vera enn eina nótt með sér, ekki vegna þess að hann borgi henni fyrir það, heldur vegna þess að hún vilji það. Hún hafnar þessu boði og fer á braut. Edward verður einn og yfirgefinn eftir á hótélherberginu.

Þrep 6: Eftirmálar (The Aftermath). Vivian fer til síns heima. Hún pakkar saman eignum sínum og hyggst hefja nýtt líf og ljúka námi sínu. Edward tekur saman sitt dót og heldur af stað út á flugvöll. Á leiðinni þangað biður hann ökumann sinn að koma við í íbúð Vivian. Á leiðinni þangað stoppar Edward og kaupir blómvönd. Þegar hann kemur akandi að íbúð Vivian stendur hann uppréttur í aftursæti bifreiðarinnar, heldur regnhlíf og blómvendinum á lofti og kallar á Vivian. Hann klifrar upp brunastigann og hún kemur á móti honum. Þau fallast í faðma.

Niðurstöður: Myndin „Pretty Woman“ fellur vel að gullreglu Hollywood handritshöfunda um uppbyggingu kvikmynda. Hægt er að greina vendipunktana fimm á skýran hátt og er staðsetning þeirra því sem næst hefðbundin. Þessir fimm vendipunktar afmarka svo þrepin sex. Fyrsta þrepið spannar um 10% af lengd myndarinnar og næsta þrep á eftir varir þar til 25% af sýningartímanum er liðinn. Þriðja þrepið nær fram í miðja mynd og það fjórða varir í um 20 mínútur. Fjórða þrepið ætti samkvæmt gullreglunni að vara í 30 mínútur en gerir það ekki. Fimmta þrepið nær þar til um 10% eru eftir af myndinni og lokaþrepið rennur svo myndina á enda.

Ekki aðeins er hægt að skipta myndinni í sex þrep sem afmarkast af fimm vendipunktum, heldur má einnig efnislega greina myndina niður á sama hátt og gullreglan segir til um.

Það kom mér á óvart að svo einföld mynd sem Pretty Woman er, skuli falla svona vel að gullreglu Hollywood mynda. Eitt er víst að næst þegar ég horfi á Hollywood mynd, þá mun ég hafa skeiðklukkuna við hendina og kanna hvort myndin falli að gullreglunni góðu.

Reykjavík 30. september 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir

Heimildaskrá

Gunnar Theodór Eggertsson:

Efni á Námsneti Borgarholtsskóla (Moodle), sjá <http://kennsla2.bhs.is/mod/page/view.php?id=62998>

Michael Hauge:

The 5 Key Turning Points of All Successful Screenplays, sjá

<http://www.storymastery.com/story/screenplay-structure-five-key-turning-points-successful-scripts/>